

Nr. 038 / 11 Kópanes RE 164**Vélarbilun og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 1985
IMO nr. 0
Smíðaður: Ytri-Njarðvík 1989 Stál
Stærð: 17,4 brl. 23 bt.
Mesta lengd: 16,1 m Skráð lengd: 14,4 m
Breidd: 3,94 m Dýpt: 1,9 m
Vél: Caterpillar 160 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 2



Kópanes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvassyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. apríl 2011 var Kópanes RE 164 um 10 – 15 sml. austur af Horni á siglingu frá Akureyri til Tálknafjarðar. Veður: SSV 8 m/sek

Viðvörunakerfi vélarinnar gaf til kynna að smurolúþrýstingur hafði fallið og í ljós kom að afgang blés upp úr vatnskassa hennar. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Húnabjörg dró bátinn til Skagastrandar.

Við rannsókn kom fram:

- að það var heddpakkning sem fór;
- að smurolú vantaði á vélina og leki fannst á slöngum frá olíusíum. Eftir að olía var sett á vélina og hún sett í gang kom í ljós að töluverð ólga og loftbólur voru á vatninu. Vatnið á vélinni reyndist einnig mjög óhreint og benti til að sót væri í því;
- að soðið hafði á vélinni við bryggju á Akureyri og var þá skipt um vatnsdælu og settur nýr frostlögur. Hún hafði þá verið keyrð upp í vinnuhita og allt virst í lagi. Eftir u.þ.b. 18 klst. siglingu kviknaði á smurþrýstiljósi og var slegið af. Þá kom í ljós að brúnt vatn frussaðist út um öndun á forðabúri.

Nefndarálit:

Orsök vélarbilunarinnar var að heddpakkning gaf sig.